

Amtm. II. 48A. Bréf úr Rangárvallasýslu til amtmanns 1760–1768.
21. febrúar 1760.

Háeðla og velbyrðigi
gúnstugi herr amtmann.

Að aflögðum so auðmjúkum sem hjartanlegum óskum blessunarríkasta velstands sem drottinn virðist að margfalda og prolongera við Deris velbyrdighed og illustre eru í þúsundfaldan máta og eins marga liðu. Eftir fyrirheitinu ófallvalta! kem eg til að þakka auðmjúklegast Deris velbyrdigheds so ærusamlegt sem gúnstugt og agreable tilskrif af 10da Januar<ii>. Hvert eg meðtók með stærsta fornöyelse fyrir viku síðan með póstinum Árna sem reisti upp í Fljótshlíð og kvaðst hér ei aftur koma heldur ætla út um aftur efri veginn. Öngvu að síður vindur hönum hér nú fram að vörmu spori, hvers vegna eg ex abrupto sest til skapa það í vanefnum sem hefði átt að vera skikkanlegra.

Tíðindalaust er héðan úr sveitum, góð heilbrigði almennt og æskilegur veðrabati eftir viku skorpu. Í hverjum hríðum og hörkum tvær manneskjur urðu úti og dóu hér á Bakkabæjum í Oddasókn sem fóru með kú seint um kvöld til annar<r>a bæja. Kýrin lifði af og fannst degi seinna hrakin afgripa undan veðrinu.

Execution er hér og nýlega afstaðin, tveir þjófar hengdir! (Hvað sem á eftir kemur). En það voru tveir útlenskir kragar uppfestir í silkisnúru, fyrir því þeir voru útlenskir hlaut það að ske með distinction. Eg læt þurrka og verka þeirra hami til að offerera því lærða societete og ef mögulegt að fá einn capitula um þær skrifaðan og þrykktan í Historia Naturali eður þeirri íslensku ornithologie.

Eg fell í forundran yfir 1. paragraph. af hr. amtmannsins höystærede missive og veit ekki hverju eg á að reiðast meðan veit ekki hverju eg á að trúá. Er það mögulegt það sé uppá mig hermt að eg hafi concurrerad persvadendo, að eg ekki tali grófara, (jubendo eður pr. ordre, so sem orðin hljóða) til þess að hr. vicelögmann Ó(lafur) S(tefáns)s(on) tæki frá D(eres) velbyrdigh(ed) Historiam Naturalem? Eina bók sem eg vissi Deres velbyrdighed hafa stærsta fornöyelse og divertissement af og það á sjálfum jólunum og yder meira skal hafa tekið báða tomos, það er forskrekkeleg dirfska! Eg condolera af hjarta Deris velbyrdighed að vera borinn so ofurráða af eign sinni og eg grátbæni Deris velbyrdighed að kenna mér ekki saklausum um það sem eg er ekki valdur af. Satt nokk er það að hr. vicelögmaðurinn hefur bragt uppá discours við mig Historiam Naturalem og kannske ég hafi þá svarað að eg vissi öngvan hafa hana

so góða sem hr. amtmanninn. Það er allt hvað eg meðkenni og hvar eftir eg vil dæmast.

Eg hefi þá æru (heitir það) að hafa nú innan veggja expresse courier frá herrunum og ráðinu í Reykjavík, Sigmund að nafni, sem færir með sér keiser Sigismund frá hr. landfógeta hver sendur er að colligera vota uppá electien eins bókhaldara framvegis í stað hr. Ólafs hver eð skriflega hefur resignerað til næsta s(ank)te Hans dag þeirri function.

Eg formerki að þaug flestu vota vilja falla uppá sjálfan landfógeta (hver og sponte offererar sig og obtruderar). Þess vegna fatta eg þá resolution að fylgja straumnum!

Enginn kann því neita að hr. Schule selur sig ekki dýrt þar hann vil þéna kauplaust fyrsta ár. En guð láti hann ekki fara ógætlega með sig, eg heyri hann hafi verið langt kominn nýlega.

Það er því betra sem fleiri hlutast til góðs í Vík commune interesse, communis cura! þegar það skeður með ráði, forstandi og í hæfilegan tíma.

Eg er búinn að standa examen og segja hvað mér sýndist, það skeði í Martio 1759 með velmeintri forestilling til meðdirecturs. Það fór frá Brynjólfi til hr. Ólafs. Síðan hef eg ei heyrt um það getið og enn síður nokkra replique séð.

Í sumar á alþingi kom mér til handa skrifleg begering h. lögmanns Sveins, hr. Björns og sýslumanns Þórarins. Þeir begerðu forsamling og deliberation, eg skrifaði þar uppá og krafðist hins sama. Hr. Schule og hr. Ólafur S(tefáns)s(on) prjónuðu neðan við og kváðu þetta so óþarft sem ógerlegt og allt skyldi bíða þess stóra anbefalaða reiknings.

Í Novembri er fyrst farið að spyrja og tala um hvað á að vinnast í vetur? Hvaðan fæst ull?

Ég kem á Eyrarbakka 15da Septembr. Herra Pal spyr mig að: „Hvað mikla ull skaffar þú í ár?“ Eg svara: „Ekki 1 pund. Það er þér sjálfum tiltrúað og befalað að innsamla allri söluull af Suðurlandi fyrir Reykjavík og spara þar með allan partionlair samtíning og transport (so menn eiga að fá hjá kaupmanni hvern fjórðung á 16 fiska eður so sem hann gaf fyrir) sem annars með sníkjum og betleríi um allar sveitir kostar hver fjórðungur í Reykjavík með transporti 24 à 30 fiska etc.“ Hr. Pal hvíslar þá mér í eyra so enginn mætti heyra: „Nokk er það. Jafnvel þó eg finni mig ekki skyldugan þar til þá vilda eg þó nú gefa mélkvartil fyrir hvern ullarfjórðung.“ Aftur stundu seinna: „Nei! Soleiðis er mitt boð: fyrir þrjá fjórðunga à 60 fiska vilda eg gefa 1/3 í méli, 1/3 í peningum, 1/3 í tóbaki.“

Strax argumenteraði eg í huga mér hann væri enn nú ekki til fulls endurfæddur heldur á veginum. En eg sem verslegur prestur bið fyrir mína sókn:

Fríast Deres velbyrdighed og síðan alla subalterne viðkomendur að beþenkja hvert það er veritable landsgagn með allra handa practiqver að útsjúga ullina af almúganum sem hann má ekki missa án síns skaða og setja 10 sveitarmenn í iðjuleysi fyrir einnrar fabriqve persónu erfiði.

Eg veit að það er nú sú harðasta tíð. En stendur til bóta ef guð lætur þessu so góðu árferði fram fara. En nú erum vær ekki ullarsterkari en so að í fyrra – allur helmingur – nú allur þriðjungur heimaskríls – deyr af iðjuleysi eða tekur annað fyrir sig í þess stað sem eg ei nefni!

Sá þolinmóði litli Árni og hlaupahrappur bannar mér að fjölyrða framarm um sinn.

En með zaren Sigismundo vil eg hafa þá æru innan skamms tíma að lappa uppá þetta ljóta og ófullkomna. Með því líka reikninga þacqveten frá Reykjarvík hingað send liggja enn nú óopnum fyrir augum og sýslumaðurinn Brynjólfur rekur af sér uppá mig. Hann kvartar yfir einhverjum hússkrossi, en eg veit ekki hvað er, guð hjálpi honum og öllum öðrum!

Eg forblíf með undirdánigu respecti

Móeiðarhvoli
d. 21. Febr.
1760.

háeðla herr amtmanns
míns gúnstuga herra
auðmjúkasti þénari
og elskandi náungi
Þorsteinn Magnússon